



LANDSPÍTALI

ÁRSREIKNINGUR 2024

LANDSPÍTALI

ÁRSREIKNINGUR 2024

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnenda	3
Yfirlit um afkomu.....	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi.....	8
Skýringar.....	9



MAÍ 2025

Landspítali, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, kt: 500300-2130

Skýrsla stjórnenda

Landspítali er þjóðarsjúkrahús og háskólasjúkrahús sem starfar samkvæmt lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, lögum nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga, lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn, lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál, svo og öðrum lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum, sem kunna að snerta spítalann í heild eða einstaka þætti í starfsemi hans. Landspítali er A-hluta ríkisstofnun.

Landspítali er þekkingarfyrirtæki og þjónustustofnun í þágu sjúklinga og alls almennings. Spítalinn hefur þrífættu hlutverki að gegna, þ.e. þjónustu við sjúklinga, menntun heilbrigðisfólks og vísindarannsóknunum á heilbrigðissviði. Gildi spítalans eru umhyggja, fagmennska, öryggi og framþróun. Spítalinn leggur áherslu á velferð starfsfólks síns.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015. Lögin kveða á um að reikningsskil A-hluta ríkissjóðs skuli gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS).

Umtalsverð aukning varð í veittri þjónustu spítalans árið 2024 en líkt og síðustu ár er skortur á legurýmum þung byrði sem að stórum hluta má rekja til langra dvala fólks sem lokið hefur meðferð og bíður eftir vistunarúrræði. Á Landspítala hefur markvisst verið unnið að því að tryggja ásættanlegan biðtíma eftir þjónustu en hann er breytilegur eftir þjónustueiningum. Hlutfall sjúklinga sem gengust undir valkvæða aðgerð innan þriggja mánaða frá skráningu á biðlista var 60% árið 2024 en mannekla á skurðstofum og skortur á legurýmum dró úr fjölda aðgerða sem unnt var að framkvæma. Á hinn bóginn er vert að nefna að ekkert barn beið lengur en þrjá mánuði eftir þjónustu á barna- og unglingageðdeild spítalans. Aukning varð á ferliþjónustu spítalans og jókst meðal annars hlutfall dagaðgerða. Efling dag- og göngudeildarþjónustu er eitt af lykilmarkmiðum Landspítala.

Ársverk starfsmanna voru 5.115 að meðaltali á árinu 2024. Ánægjulegt er að stöðugildum hjúkrunarfræðinga fjölgaði umtalsvert, eða úr 1.488 stöðugildum í 1.534, og hefur það jákvæð áhrif á þjónustugetu spítalans.

Árið 2023 hófust fjárveitingar til Landspítala samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands um þjónustutengda fjármögnun sem undirritaður var haustið 2021. Þjónustutengd fjármögnun felur í sér að fjárveitingar eru tengdar við umfang veittrar þjónustu sem byggist á framleiðdum DRG-einingum. Samningurinn við Sjúkratryggingar Íslands gerir ráð fyrir að greitt sé fyrir framleiðslu DRG-eininga umfram áætlun úr sjóði vegna breytilegrar fjármögnunar á þann veg að fullt verð sé greitt upp að 4% umframframleiðslu en 30% eftir það. Á árinu 2024 náði spítalinn markmiðum sem stefnt var að og gott betur. Þjónusta spítalans var 4,7% umfram framleiðsluáætlun samkvæmt bráðabirgðauppjöri. Greiðsla fyrir umframþjónustu takmarkast þó af fjárveitingum í sjóðinn samkvæmt fjárlögum eða fjáraukalögum. Framleiðsla DRG-eininga á árinu 2024 var eins og áður segir 4,7% umfram áætlun og fékk spítalinn greidda fjárhæð sem nam 2,6% umframframleiðslu.

Vöxtur í starfsemi spítalans milli ára var fjármagnaður með innri vexti fjárveitinga og með uppgjöri úr sjóði vegna þjónustutengdrar fjármögnunar. Einnig var reksturinn styrktur með framlagi ráðherra úr varasjóði málaflokksins. Rekstrarreikningur ársins er því sem næst í jafnvægi, eða sem nemur 55 m.kr. í halla sem er innan við 0,1% frávik. Ef tekið er tillit til sérstakra útgjalda sem fjármögnuð voru á árinu 2023 en frestuðust til ársins 2024 þá væri afkoma spítalans jákvæð sem nemur um 50 m.kr. Uppsafnað frávik er um 603 m.kr.

Í kjölfar breytinga á lögum um opinber fjármál hefur ríkt óvissa um meðhöndlun á fasteignum Landspítala. Fasteignir Landspítala eru ekki eignfærðar í ársreikningnum en þó er ýmis kostnaður vegna þeirra gjaldfærður auk þess sem haldið er utan um endurbætur meðal fastafjármuna. Fyrirvara verður því að gera varðandi afkomu og efnahagsstöðu. Fjallað er nánar um þetta í skýringu 17.

Eigið fé spítalans er neikvætt um 98,8 m.kr. í lok ársins. Ef frá er talin neikvæð staða höfuðstóls sem rekja má til breytinga á lögum um opinber fjármál 2017 þá er höfuðstóll jákvæður um 603,0 m.kr., sjá nánar í skýringu 4. Eignir spítalans nema 29.580,7 m.kr. en skuldir eru samtals 29.679,5 m.kr.

Samkvæmt okkar bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningur þessi gefi glögga mynd af rekstri Landspítala á árinu 2024 og eignum, skuldum og eiginfjárstöðu spítalans þann 31. desember 2024, í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Með vísan til framangreindra upplýsinga staðfesta forstjóri og framkvæmdastjóri rekstrar- og mannauðs ársreikning Landspítala fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Runólfur Pálsson



Undirritað af:
Runólfur Pálsson
2512595429
Dags: 05.05.2025
Tími: 15:40:19
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: e8eb3a30-
a16c-4583-bd3e-
0b6574a8087a

Gunnar Ágúst Beinteinsson



Undirritað af:
Gunnar Ágúst
Beinteinsson
2609663599
Dags: 07.05.2025
Tími: 08:00:58
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: e8eb3a30-
a16c-4583-bd3e-
0b6574a8087a

Yfirlit um afkomu ársins 2024

Tekjur	Skýr.	2024	2023
Fjárveitingar ríkisins til rekstrar	5	101.398.536	95.145.561
Frestaðar tekjur	5	1.840.336	3.270.617
Tekjufært ríkisframlag samtals		103.238.872	98.416.178
Þjónustutekjur	6	7.256.301	6.810.743
Tekjufærðir styrkir til fjárfestinga	7	151.952	147.892
Aðrar tekjur	8	6.017.575	5.114.194
Afgreiðslugjald og önnur gjöld af leyfisskyldum lyfjum	9	251.966	219.373
Tekjur af starfsemi samtals		13.677.793	12.292.202
Tekjur samtals		116.916.666	110.708.380
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	10	85.197.293	79.733.554
Vörunotkun	11	17.710.944	16.529.025
Aðkeypt þjónusta og leigugjöld	12	9.652.804	8.467.941
Annar rekstrarkostnaður	13	2.449.509	2.159.215
Afskriftir	15,16,17,18	2.021.162	3.236.073
Gjöld samtals		117.031.712	110.125.807
Afkoma án fjármagnsliða		(115.046)	582.573
Fjármunatekjur	14	60.056	24.010
Afkoma ársins		(54.990)	606.583

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	15	347.298	318.950
Varanlegir rekstrarfjármunir	16	7.271.503	7.041.006
Sjálfstæðar rekstrareiningar	18	260.822	117.430
Fyrirframgreitt vegna tækjakaupa		707.434	365.766
Eignaverk vegna fasteigna	17	5.136.027	4.650.610
Hlutfjáreign	19	2.500	2.500
Fastafjármunir samtals		13.725.584	12.496.262
Veltufjármunir			
Birgðir	20	1.957.977	1.879.056
Viðskiptakröfur	21	4.541.061	2.335.970
Aðrar skammtímakröfur	21	68.578	69.634
Ríkissjóður	23	9.040.115	10.414.897
Fyrirframgreiddur kostnaður		161.367	80.203
Handbært fé	22	86.062	13.947
Veltufjármunir samtals		15.855.161	14.793.708
Eignir samtals			
		29.580.745	27.289.970

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eigið fé	4		
Höfuðstóll í ársbyrjun		(43.778)	(650.361)
Afkoma ársins		(54.990)	606.583
Eigið fé samtals		(98.768)	(43.778)

Skuldir

Langtímaskuldir

Frestuð framlög	24	12.888.279	12.140.904
Fyrirfram innheimtar gjafir og styrkir v. fjárfestinga		1.222.010	1.143.908
Innlaun frestaðra framlaga næstu 12 mánuði		(1.536.924)	(1.473.671)
Langtímaskuldir samtals		12.573.365	11.811.141

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir		5.886.530	4.719.729
Orlofsskuldbinding og frítímaréttur	25	8.357.189	8.026.243
Ógreidd laun og launatengd gjöld		1.325.506	1.302.964
Innlaun frestaðra framlaga næstu 12 mánuði		1.536.924	1.473.671
Skammtímaskuldir samtals		17.106.148	15.522.607

Skuldir samtals

29.679.513	27.333.748
------------	------------

Eigið fé og skuldir samtals

29.580.745	27.289.970
------------	------------

Yfirlit um sjóðsstreymi ársins 2024

Handbært fé frá rekstri	2024	2023
Afkoma ársins	(54.990)	606.583
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Frestaðar tekjur, gjafir og styrkir	(1.992.288)	(3.418.510)
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	2.018.843	3.235.348
Hreint veltufé (til) frá rekstri án vaxta og skatta	(28.435)	423.421
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Breyting á birgðum	(78.921)	(137.280)
Breyting á rekstrartengdum kröfum	(910.417)	(69.397)
Breyting á rekstrartengdum skuldum	1.520.288	311.687
Handbært fé frá rekstri	502.515	528.431
Fjárfestingarhreyfingar		
Tækjabúnaður og önnur fjárfesting	(2.315.110)	(2.213.592)
Endurbætur og nýframkvæmdir	(933.055)	(1.082.745)
Fjárfestingarhreyfingar	(3.248.165)	(3.296.337)
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborgun samninga	0	(6.567)
Innkomnar gjafir og styrkir v. fjárfestinga	230.054	300.465
Fjárfestingaframlag ársins	2.587.711	2.458.474
Fjármögnunarhreyfingar	2.817.765	2.752.372
Breyting á handbæru fé	72.115	(15.534)
Handbært fé í ársbyrjun	13.947	29.481
Handbært fé í árslok	86.062	13.947

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Landspítali er A-hluta ríkisstofnun og er megin starfsemi stofnunarinnar fólgin í rekstri á sjúkrahúsi og heilbrigðisþjónustu. Lögheimili stofnunarinnar er að Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.

2. Grundvöllur ársreiknings

Ársreikningur Landspítala fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál 123/2015. Reikningurinn er gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (International Public Sector Accounting Standards, IPSAS) með þeim frávikum sem lýst er í skýringum með honum. Auk þess er stuðst við lög um ársreikninga nr. 3/2006 varðandi atriði sem ekki er fjallað um í IPSAS-stöðlum.

Ársreikningurinn er á rekstrargrunni og byggir á kostnaðarverðsreglu reikningsskila. Reikningsskilin eru sett fram í íslenskum krónum, námunduð að næsta þúsundi, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Viðskipti við sjálfstæðar rekstrareiningar innan samstæðu Landspítala og stöður milli þeirra eru jafnaðar út við gerð ársreiknings, ásamt innbyrðisfærslum. Hagnaður/tap sem myndast hefur í innbyrðis viðskiptum hefur ekki verið eytt út.

Helstu reikningsskilaaðferðir sem ársreikningur Landspítala byggir á eru birtar í skyggðum boxum í viðkomandi skýringum.

Bókhald og fjármál

Bókhald Landspítala er fært hjá spítalanum í samræmdu bókhaldskerfi ríkisstofnana. Spítalinn annast sjálfur allar fjárreiður, forsendur launa og starfsmannahald.

Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikningsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum gerir ráð fyrir að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á val og beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda og tekna og gjalda auk skýringa.

Mat og gefnar forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru raunhæfir miðað við aðstæður. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru skoðaðar reglulega. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eru gerðar og einnig á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Skýringar frh

Innleiðingarætlun IPSAS

Í lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF) segir að reikningsskil fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild skuli gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (IPSAS) og tóku þau ákvæði gildi frá og með 1.1.2017.

Landspítalinn fylgir innleiðingarætlun Fjársýslu ríkisins og fjármála- og efnahagsráðuneytis að undanskildri innleiðingu á IPSAS 43 sem verður innleiddur við gildistöku staðalsins. Vegna umfangs breytinga hefur reikningsskilaráð ákveðið að fresta innleiðingu á nokkrum IPSAS-stöðlum. Innleiðing á IPSAS 13 um leigusamninga hefur helst áhrif á ársreikning Landspítala.

•IPSAS 13 um leigusamninga – Gert er ráð fyrir að þessi staðall verði leystur af hólmi með nýjum staðli IPSAS 43. Þar verða gerðar verulegar breytingar á meðhöndlun þessara þátta, sambærilegar við það sem hefur átt sér stað á almennum markaði. Frestun á innleiðingu þessa staðals hefur óveruleg áhrif á reikningsskil núna, en búast má við að nýr staðall þýði töluverðar breytingar á meðferð leigusamninga líkt og átt hefur sér stað við innleiðingu samsvarandi IFRS-staðals.

3. Starfsþáttayfirlit

	Stoðsvið	Klínísk svið	Sjálfstæðar rekstrar- einingar	Utan sviða	Samtals
Tekjufært ríkisframlag ..	22.294.380	81.385.790	(227.100)	(214.197)	103.238.872
Rekstrartekjur	1.221.069	5.730.373	14.311.180	(1.794.716)	19.467.907
Tekjur samtals	23.515.450	87.116.163	14.084.080	(2.008.913)	122.706.779
Laun og tengd gjöld	12.970.794	70.667.373	1.559.126	0	85.197.293
Önnur rekstrargjöld	10.814.098	17.553.942	12.349.476	(3.153.040)	37.564.476
Gjöld samtals	23.784.893	88.221.315	13.908.602	(3.153.040)	122.761.770
Afkoma starfsþátta	(269.443)	(1.105.152)	175.478	1.144.127	(54.990)

Samkvæmt stjórnskipulagi spítalans árið 2024 skiptist hann í 11 svið og skrifstofu Landspítala. Undir þessum skipulagseiningum eru svo sjálfstæðar rekstrareiningar. Spítalanum má í megindráttum skipta í tiltekna starfsþætti á árinu 2024. Fyrir nánari sundurliðun á fjárhæðum sjá skýringu númer 29.

Skýringar frh

4. Eigið fé

Ójafnað eigið fé spítalans nam 98,8 m.kr. í lok árs. Neikvætt eigið fé, sem rekja má til launaskuldbindinga frá því í lok árs 2016 þegar breyting varð á bókunarreglum með nýjum lögum um opinber fjármál, er 701,8 m.kr. Á móti er annað eigið fé jákvætt um 603,0 m.kr. Gerð er grein fyrir breytingu eigin fjár á árinu 2024 í meðfylgjandi sundurliðun.

Ójafnað eigið fé 1.1.2017 vegna breytinga tengt launum í LOF	(701.794)
Annað ójafnað eigið fé 1.1.2024	658.016
Eigið fé 1.janúar 2024	(43.778)
Tekjuhalli án ríkisframlags	(103.293.862)
Ríkisframlag ársins	103.238.872
Afkoma ársins	(54.990)
Ójafnað eigið fé 1.1.2017 vegna breytinga tengt launum í LOF	(701.794)
Annað ójafnað eigið fé 31.12.2024	603.026
Eigið fé 31.12.2024	(98.768)

5. Fjárheimildir og rekstur

	Fjárheimildir 2024	Áætlun ársins	Ársreikningur	Mismunur
Laun og launatengd gjöld	(82.573.753)	(84.591.076)	(85.197.293)	(606.217)
Önnur rekstrargjöld	(25.228.284)	(27.622.063)	(31.653.592)	(4.031.529)
Rekstrartekjur	6.403.500	9.003.141	13.525.842	4.522.701
Rekstrarniðurstaða				(115.046)
Afskriftir		(2.021.162)	(2.021.162)	0
Fjárfestingarframlag	(2.587.200)	1.834.338	1.840.336	5.998
Framlag úr frestuðum tekjum		5.998		(5.997)
Styrkir og gjafir til fjárfestinga		151.952	151.952	0
Vextir og gengismunur		0	60.056	60.056
Mismunur gjalda og tekna	(103.985.736)	(103.238.873)	(103.293.862)	(54.990)

Í fjárheimildum ársins 2024, að millifærslum meðtöldum, voru Landspítala ætlaðar 103.985,7 m.kr. í ríkisframlag. Áætlaðar fjárheimildir ársins eru tilgreindar á grundvelli áætlaðra raunútgjalda sviða yfir árið.

Rekstrarframlag ríkisins er fært í rekstrarreikning á grundvelli fjárlaga og fjáráukalaga og í samræmi við ákvæði í fylgiriti með fjárlögum ársins.

Fjárfestingaframlag á fjárlögum er ekki tekjufært í afkomu ársins á fjárveitingarári heldur er framlagið fært sem skuld í efnahagsreikning sem fyrirfram innheimtar tekjur. Innlausn í afkomu ársins verður á móti afskriftum á notkunartíma eignanna.

Skýringar frh

6. Þjónustutekjur

	2024	2023
Rannsóknir	3.196.836	2.966.950
Komur á göngudeildir og bráðadeildir	1.245.495	1.137.955
Daggjöld og tekjur af ósjúkratryggðum sjúklingum	1.894.105	1.772.039
Sérfræðiþjónusta, önnur	342.273	385.172
Hjálpartæki og önnur seld þjónusta	577.592	548.627
Samtals	7.256.301	6.810.743

Þjónustutekjur fela í sér tekjur spítalans af eiginlegri heilbrigðisþjónustu til einstaklinga, annarra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, auk leigu á ýmsum hjálpartækjum vegna sjúkdóma.

Tekjur af sölu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt.

7. Styrkir til kaupa á tækjabúnaði og til annarra fjárfestinga

Styrkir og gjafir til fjárfestinga á spítalanum koma frá sjálfstæðum sjóðum, líknarsamtökum, félagasamtökum og einstaklingum. Oftast eru framlögin reidd fram hverju sinni vegna tiltekins búnaðar. Á tímabilinu janúar til desember 2024 voru móttæknar gjafir og styrkir vegna fjárfestinga samtals 230,1 m.kr. Tekjufært var á árinu 152,0 m.kr

Gjafir og styrkir til fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum eru ekki færðir til tekna í rekstrarreikningi á móttökuári, heldur sem skuld í efnahagsreikningi sem fyrirfram innheimtar tekjur. Innlaun í rekstrarreikningi verður á móti afskriftum á notkunartíma eignanna.

8. Aðrar tekjur

	2024	2023
Vörusala	4.306.933	3.681.344
Önnur seld þjónusta	568.930	390.150
Selt fæði	708.369	544.889
Rannsóknir - og þróunarverkefni	80.226	83.796
Leigutekjur	77.170	72.505
Aðrar tekjur	275.946	341.510
Samtals	6.017.575	5.114.194

Tekjur af seldum vörum eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Leigutekjur eru færðar línulega yfir leigutímann í yfirlit um afkomu.

Skýringar frh

9. Leyfisskyld lyf

	2024	2023
Sala án afgreiðslu- og annarra gjalda	5.690.388	5.421.715
Afgreiðslu- og önnur gjöld	251.966	219.373
Endurkræfur kostnaður	(5.690.388)	(5.421.716)
Samtals	251.966	219.373

Með nýjum lyfjalögum sem tóku gildi 1. janúar 2021 var felld á brott skilgreining á S-merktum lyfjum en víkkuð út skilgreining á leyfisskyldum lyfjum. Við breytinguna voru mörg S-merkt lyf gerð almenn og falla því ekki hér undir. Landspítalinn fær leyfisskyld lyf endurgreidd frá sérstökum fjárlagalið 08-212 sem heldur utan um kostnað lyfjanna. Eftir sitja tekjur á Landspítala sem nema afgreiðslugjaldi og öðrum gjöldum.

10. Laun og launatengd gjöld

	2024	2023
Föst laun	50.166.867	46.057.055
Önnur laun	19.484.329	19.117.109
Launatengd gjöld	15.546.097	14.559.390
Samtals	85.197.293	79.733.554

Ársverk starfsmanna Landspítala voru 5.115 að meðaltali á árinu 2024, en þau voru til samanburðar 4.984 á árinu 2023. Á árinu 2024 voru 6.447 starfsmenn að störfum að meðaltali í hverjum mánuði á spítalanum í mismunandi starfshlutfalli, en til samanburðar var sá fjöldi 6.283 á árinu 2023. Miðað er við alla starfsmenn sem verið hafa á launaskrá, bæði dagvinnufólk og tímavinnufólk.

Réttindi starfsmanna til launa, árlegt orlof, starfsleyfi og önnur svipuð launaréttindi eru færð í yfirlit um afkomu þegar réttur starfsmanna til þeirra stofnast.

Skýringar frh

11. Vörunotkun

	2024	2023
Lækninga- og hjúkrunarvörur	6.690.835	6.306.275
Lyf	2.187.112	2.148.183
Lyf samkvæmt lyfseðli	4.093.335	3.425.132
Rannsóknarvörur	1.539.419	1.542.072
	14.510.702	13.421.662
Matvæli	1.587.305	1.485.474
Orkugjafar	615.858	546.355
Áskriftir vísindarita, bækur og skrifstofuvörur	268.937	247.919
Byggingavörur	309.103	330.471
Lín, fatnaður og hreinlætisvörur	419.038	497.144
	3.200.242	3.107.362
Samtals	17.710.944	16.529.025

Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir hinum ýmsu liðum vörukaupa, að teknu tilliti til birgðabreytinga þar sem við á.

Vörubirgðir eru metnar á meðalkostnaðarverði á grundvelli stöðu í birgðakerfum og birgðatalninga, að teknu tilliti til niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara og lagerhalds. Niðurfærsla hvers lagers er metin sérstaklega.

Skýringar frh

12. Aðkeypt þjónusta og leigugjöld

	2024	2023
Sérfræðiþjónusta	3.212.441	2.800.427
Verkkaup	3.079.343	2.626.735
Leigu- og afnotagjöld	1.446.248	1.238.352
Ferðir, fundir, risna o.f.l.	491.608	450.082
Aðkeyptur akstur	885.954	823.008
Flutningaþjónusta	352.681	329.024
Annað	184.528	200.312
Samtals	9.652.804	8.467.941

13. Annar rekstrarkostnaður

	2024	2023
Opinber gjöld og tryggingar	788.173	740.006
Framlag til rannsókna og gæðaverkefna	159.969	131.620
Minniháttar tæki, áhöld og varahlutir	1.283.079	1.097.542
Ýmis óreglulegur kostnaður	218.288	190.047
Samtals	2.449.509	2.159.215

Fasteignagjöld eru bókuð til gjalda í rekstrarreikningi þrátt fyrir að fasteignir séu ekki eignfærðar hjá Landspítala.

Rekstrarkostnaður er færður á því tímabili þegar til hans er stofnað.

Skýringar frh

14. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2024	2023
Vaxtatekjur	70.055	45.100
Vaxtagjöld	(14.401)	(10.216)
Gengismunur	4.402	(10.874)
Samtals	60.056	24.010

Kröfur, þ. á m. vaxtakröfur, eru færðar niður í lok ársins vegna þekktrar eða metinnar tapsáhættu. Allur fjármagnskostnaður er færður í afkomu ársins á því tímabili sem hann fellur til.

Vaxtatekjur eru færðar til tekna í afkomu ársins á því tímabili sem til þeirra er unnið.

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Gengishagnaður og gengistap er jafnað út og nettó niðurstaða færð meðal fjármunatekna eða fjármagnsgjalda eftir atvikum.

15. Óefnislegar eignir

	Óefnislegar eignir
Stofnverð 1.1.2024	586.265
Viðbót á árinu	146.998
Selt/niðurfært á árinu	(28.946)
Stofnverð 31.12.2024	704.317
Afskriftir 1.1.2024	267.315
Afskriftir ársins	118.651
Selt/niðurfært á árinu	(28.946)
Afskriftir 31.12.2024	357.020
Bókfært verð 1.1.2024	318.950
Bókfært verð 31.12.2024	347.298
Afskriftarhlutföll	20%

Óefnislegar eignir sem eru keyptar sérstaklega eru metnar á kostnaðarverði. Eftir upphaflega færslu eru óefnislegar eignir færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun sé hún til staðar. Allur kostnaður vegna óefnislegra eigna sem verður til innan Landspítala er gjaldfærður í afkomu ársins á því ári sem kostnaðurinn fellur til.

16. Varanlegir fastafjármunir (án sjálfstæðra rekstrareininga og fasteigna)

	Lækningatæki	Bifreiðar	Annað lausafé	Samtals
Stofnverð 1.1.2024	13.799.695	248.288	1.654.592	15.702.576
Viðbót á árinu	1.491.920	23.346	136.036	1.651.302
Selt/niðurfært á árinu	(241.474)	0	(157.949)	(399.424)
Stofnverð 31.12.2024	15.050.141	271.634	1.632.679	16.954.455
Afskriftir 1.1.2024	7.596.295	57.177	1.008.099	8.661.570
Afskriftir ársins	1.234.838	30.301	154.787	1.419.926
Selt/niðurfært á árinu	(240.596)	0	(157.949)	(398.545)
Afskriftir 31.12.2024	8.590.537	87.478	1.004.936	9.682.951
Bókfært verð 1.1.2024	6.203.400	191.111	646.494	7.041.006
Bókfært verð 31.12.2024	6.459.605	184.156	627.742	7.271.503
Afskriftarhlutföll	5-16,67%	10-12,5%	0-20%	

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eigna á kostnaðarverði eða matsvirði sé um gjafir að ræða, að fráðregnum afskriftum og virðisrýrnun sé hún til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili spítalanum framtíðarávinningi og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í afkomu ársins þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að fráðregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar.

Söluhagnaður/-tap af sölu eigna er mismunur á söluverði að fráðregnum sölukostnaði og bókfærðu verði á söludegi. Söluhagnaður/-tap er fært í yfirlit um afkomu ársins.

Skýringar frh

17. Eignaverk vegna fasteigna

Stofnverð 1.1.2024	6.248.052
Viðbót á árinu	933.055
Stofnverð 31.12.2024	7.181.107
Afskriftir 1.1.2024	1.597.441
Afskriftir ársins	447.639
Afskrift 31.12.2024	2.045.080
Bókfært verð 1.1.2024	4.650.610
Bókfært verð 31.12.2024	5.136.027

Útgjöld til eignaverka vegna fasteigna eru færð upp til eignar meðal fastafjármuna í efnahagsreikningi, enda er Landspítali ekki eigandi fasteignanna. Fasteignir eru eignfærðar hjá ríkissjóði og því er um kröfu á ríkissjóð að ræða. Hún er færð sem langtímakrafa og á móti er langtímaskuld sem er fjárfestingaframlag vegna fasteigna.

Fasteignir Landspítala eru ekki eignfærðar í ársreikningnum skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Viðhald fasteigna og fasteignagjöld eru þó gjaldfærð sem rekstrarkostnaður í afkomu ársins. Aftur á móti er endurbótum á fasteignum og nýframkvæmdum haldið sérstaklega til haga og kostnaður vegna verkanna færður meðal fastafjármuna undir liðinn "Eignaverk vegna fasteigna". Á móti er bókað meðal langtímaskulda á liðinn „Fjárfestingaframlag vegna eignaverka“. Ríkissjóður innheimtir ekki húsaleigu hjá Landspítala og eru því afnot spítalans af fasteignunum endurgjaldslaus á árinu. Árið 2023 voru uppsafnaðar afskriftir frá árabílinu 2017-2023 gjaldfærðar. Afskrift fyrir árið 2024 tekur hins vegar aðeins til þess árs.

Skýringar frh

18. Sjálfstæðar rekstrareiningar

	Þvottahús	Apótek	Matsala sjúkrahótels	Samtals
Stofnverð 1.1.2024	286.308	46.808	957	334.073
Viðbót á árinu	139.628	24.162	14.550	178.340
Selt/niðurfært á árinu	(2.834)	0	0	(2.834)
Stofnverð 31.12.2024	423.101	70.970	15.507	509.578
Afskriftir 1.1.2024	182.656	33.541	447	216.643
Afskriftir ársins	27.408	6.677	863	34.947
Selt/niðurfært á árinu	(2.834)	0	0	(2.834)
Afskriftir verð 31.12.2024	207.229	40.217	1.310	248.756
Bókfært verð 1.1.2024	103.652	13.267	511	117.430
Bókfært verð 31.12.2024	215.872	30.753	14.198	260.822
Afskriftarhlutföll	10-12,5%	0-20%	10-20%	

Sjálfstæðar rekstrareiningar innan Landspítala eru fjárhagslega aðgreindar á þann hátt að þær fá ekki fé til rekstrar eða fjárfestinga af framlagi ríkisins m.a. vegna samkeppnisaðstæðna. Fjármögnun fjárfestinga þessara rekstrareininga skal koma frá sjóðstreymi rekstrar. Haldið er sérstaklega utan um tækjakaup þessara rekstrareininga. Ofangreind tafla sýnir stöðu tækjabúnaðar á þessum einingum.

Skýringar frh

19. Hlutfjáreign

Hlutfjáreign er hlutur Landspítala í Rannsókn- og háskólaneti Íslands hf. Sá hlutur er bókaður á nafnverði og nemur eignarhluturinn 4,6%. Að auki er spítalinn lítill hluthafi í 12 einkahlutafélögum á Íslandi, en þau félög teljast til sprotafyrirtækja. Landspítali hefur eignast hlutina án endurgjalds í peningalegum verðmætum, en fengið þá í stað aðstöðusköpunar, tímabundins vinnuframlags starfsmanna eða við framsal réttinda. Nafnverð þessara hluta er samtals 421,6 þús. kr. og hlutdeild Landspítala er á bilinu 0,3%-17,3%. Talsverð óvissa er um raunverulegt verðmæti flestra þessara hluta. Skoðun í lok árs 2024 leiddi hvorki til þess að þessir hlutir væru endurmetnir né að hlutdeildaraðferð væri beitt við færslu hlutanna til eignar í efnahagsreikningi.

20. Vörubirgðir

	Varúðar- niðurfærsla 31.12.2024	Verðmæti eftir niðurfærslu 31.12.2024	Verðmæti eftir niðurfærslu 31.12.2023
Lækninga- og hjúkrunarvörur	23.917	393.860	375.819
Lyf	29.862	636.463	652.927
Rannsókn- og röntgenvörur	48.055	523.689	458.774
Rekstrarvörur	14.846	389.149	381.433
Matvæli	1.201	14.816	10.103
Samtals	117.881	1.957.978	1.879.056

Vörubirgðir eru færðar á meðalkostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist, á grundvelli stöðu í birgðakerfum og birgðatalninga, að teknu tilliti til niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara og lagerhalds. Niðurfærsla hvers lagers er metin sérstaklega.

21. Skammtímakröfur

	2024	2023
Viðskiptakröfur		
Heilbrigðisstofnanir	689.168	440.870
Sjúkratryggingar Íslands	483.703	589.138
Einstaklingar	703.868	623.415
Erlendar kröfur	722.653	605.972
Fyrirtæki og ýmsar stofnanir	331.379	284.646
Apótek	492.489	0
Leyfisskyld lyf, viðskiptakrafa á fjárlagalið 08-212	1.354.950	0
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(237.148)	(208.072)
Viðskiptakröfur samtals	4.541.061	2.335.970
Aðrar skammtímakröfur	68.578	69.634
Samtals	4.609.639	2.405.604

Skýringar frh

21. Skammtímakröfur frh.

Niðurfærsla viðskiptakrafna

Viðskiptakröfur spítalans eru færðar niður til að mæta þekktu eða áætluðu tapi. Niðurfærslureikningur í lok ársins og breyting hans á árinu er sem hér segir:

	2024
Niðurfærslureikningur 1.1.2024	208.072
Bein afskrift krafna	(203.638)
Framlag í niðurfærslureikning	232.714
Niðurfærslureikningur 31.12.2024	237.148

Skammtímakröfur eru einkum vegna vörusölu eða seldrar þjónustu til Sjúkratrygginga Íslands, heilbrigðisstofnana og almennings. Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindar útistandandi kröfur spítalans.

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

22. Handbært fé

Landspítali hefur tekið að sér þjónustu við og fjárhagslega umsjón með ýmsum sjálfseignarstofnunum, sérsjóðum og verkefnum, sem tengjast starfsemi spítalans. Meðal annars er um að ræða fjárstýringu og reglubundna skráningu tekna og gjalda í fjárhagsbókhaldi, auk launabókhalds. Bókhald þessara aðila er ekki hluti af bókhaldi Landspítala.

Þessa sérsjóði má í megindráttum flokka í tvennt:

Sjóðir með staðfesta skipulagsskrá eða sjóðsreglur

Í þessum flokki eru 10 lögaðilar og 53 sjóðir. Þeirra á meðal má nefna Vísindasjóð LSH, Berklaveikrasjóðinn Þorbjörg, Minningarsjóð Margrétar Oddsdóttur og Landspítalasjóð Íslands. Meðal stærstu einstakra undirsjóða Landspítalasjóðs eru sjóðir sem tengjast barnadeildum spítalans. Bankareikningar sem tilheyra þessum sérsjóðum eru samtals 52 og innstæða í árslok 2024 nemur samtals 1.060,6 m. kr.

Rannsóknar- og vísindaverkefni

Fjölmargir einstaklingar og hópar eru skráðir fyrir sjóðum er tengjast ýmsum sjálfstæðum rannsóknar- og vísindaverkefnum. Fjöldi bankareikninga vegna þessara verkefna í árslok 2024 er 243. Innstæður á einstökum bankareikningum eru mjög mismunandi, eða allt frá fáeinum krónum til 69,1 m. kr. Samtals eru innstæður á þessum reikningum í árslok 2024 um 1.111,9 m. kr.

	2024
Handbært fé Landspítala	86.062
Handbært fé - Sjóðir með staðfesta skipulagsskrá	1.060.621
Handbært fé - Rannsóknar- og vísindaverkefni	1.111.947

Handbært fé samanstendur af reiðufé, bankareikningum og innstæðum með skemmri en þriggja mánaða binditíma.

Skýringar frh

23. Ríkissjóður

Staða og hreyfingar í viðskiptum við ríkissjóð eru sem hér segir:

Staða við ríkissjóð 1. janúar 2024	5.268.299
Staða orlofsskuldbindingar 1. janúar 2017	5.146.598
Staða 1.janúar 2024	10.414.897
Framlag til rekstrar	101.398.536
Fjárfestingaframlag	2.028.400
Framlag vegna eignaverka	558.800
Móttæknar greiðslur	(105.360.518)
Staða 31. desember 2024	9.040.116

Í efnahagsreikningi er greiðslustaða Landspítala við ríkissjóð tilgreind sérstaklega. Þessi staða sýnir mismun á milli ríkisframlaga og greiðslna úr ríkissjóði til spítalans. Jafnframt eru fjárfestingaframlög ársins færð yfir viðskiptareikning. Í lok desember 2024 nam krafa spítalans á ríkissjóð 9.040,1 m.kr. Orlofs- og frítímaréttaskuldbindingin er enn þá hluti af stöðu við ríkissjóð en sundurgreint í upphafsstöðu í samræmi við samþykkt Alþingis á ríkisreikning 2017 þann 16. maí 2019, sem veitir heimild til að bæta stofnunum upp áhrif orlofsskuldbindinganna á eigið fé.

24. Frestuð framlög

	Aðrir varanlegir fastafjármunir	Vegna eignaverka	Vegna birgða og önnur verkefni	Samtals
Flutt frá fyrra ári	7.426.834	4.506.602	207.468	12.140.905
Framlag ársins	2.028.400	558.800	0	2.587.200
Hagnaður af sölu	511	0	0	511
Afskriftir/notkun	(1.386.699)	(447.639)	(5.998)	(1.840.336)
Staða í lok ársins	8.069.046	4.617.763	201.470	12.888.280

Fyrirfram innheimt fjárfestingaframlag, frestað framlag vegna eldri varanlegra rekstrarfjármuna og fyrirfram innheimtar gjafir og styrkir færðir meðal langtímaskulda. Þessar fyrirfram innheimtu tekjur eru ekki færðar í rekstrarreikning.

Fjárfestingaframlag á fjárlögum er ekki tekjufært í afkomu ársins á fjárveitingarári heldur er framlagið fært sem skuld í efnahagsreikning sem fyrirfram innheimtar tekjur. Innlausn í afkomu ársins verður á móti afskriftum á notkunartíma eignanna.

Skýringar frh

25. Orlof og annar launatengdur frítímaréttur

	2024	2023
Sumarorlof	6.379.706	6.079.322
Hvíldartímafrí	1.230.794	1.220.286
Vaktafrí og annar áunninn frítími	746.689	726.635
Samtals	8.357.189	8.026.243

Skuldbinding spítalans vegna orlofsréttinda og annarra áunninna frítímaréttinda starfsmanna í lok ársins er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Gjaldfærsla í rekstrarreikningi á sér stað við ávinnslu réttinda.

Í kjölfar breytinga á lögum um opinber fjármál var orlofsskuldbindingin færð til skuldar í ársbyrjun 2017 og samkvæmt fyrirmælum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu var hún færð meðal veltufjármuna. Í ársreikning 2019 var gerð sú breyting að upphafsstaðan frá 2017 var færð á móti stöðu við ríkissjóð, sjá nánar skýringu númer 23.

Í janúar 2025 kom í ljós villa í leyfisskuldbindingarkeyrslu tengt breytingu á útreikningi eftir kjarasamninga gerða árið 2024. Leiðrétting var bókuð í fjárhagskerfi skv. fyrirmælum og útreikningi frá Fjársýslu ríkisins.

26. Eignir utan efnahagsreiknings

	Fasteignamat	Brunabótamat
Hringbraut	23.619.201	33.699.480
Fossvogur	8.706.171	14.538.030
Landakot	2.441.870	3.953.000
Kópavogur	3.201.300	3.205.600
Kleppur	2.412.837	2.830.792
Vífilsstaðir	884.345	1.485.490
Grensás	1.425.050	2.109.150
Tunguháls	976.050	993.800
Sumarhús starfsmanna	560.436	584.150
Aðrar eignir	3.284.900	4.178.220
Samtals	47.512.160	67.577.712

Fasteignir sem tilheyra Landspítala eru ekki eignfærðar í efnahagsreikningi samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Í meðfylgjandi sundurliðun er tilgreint fasteigna- og brunabótamat þeirra fasteigna, sem tilheyra spítalanum í lok ársins 2024.

Útgjöld til eignaverka vegna fasteigna eru færð upp til eignar meðal fastafjármuna í efnahagsreikningi, enda er Landspítali ekki eigandi fasteignanna. Fasteignir eru eignfærðar hjá ríkissjóði og því er um kröfu á ríkissjóð að ræða.

Skýringar frh

27. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Námsleyfi lækna

Í lok desember 2024 nemur reiknuð skuldbinding vegna óbókaðra námsleyfa lækna samtals 957,0 m.kr.

Réttur lækna til námsleyfis er ekki færður sem skuldbinding í efnahagsreikningi vegna óvissu um úttekt. Kostnaður vegna þessara leyfa er gjaldfærður við úttekt.

Samningar

	Skuldbinding		Til Greiðslu	
	31.12.2024	2025	2026	2027
	1.174.704	431.307	431.307	431.307
Samtals	1.174.704	431.307	431.307	431.307

Landspítalinn hefur gert þjónustusamninga vegna reksturs tölvukerfa og lækningatækja. Þessir þjónustusamningar eru ekki færðir í efnahagsreikning. Afborganir eru gjaldfærðar við greiðslu. Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir heildarskuldbindingu og framtíðargreiðslur án tillits til framtíðarverðbólgu.

Húsaleiga

	Skuldbinding 31.12.2024	Innan árs	1-5 ár	Yfir 5 ár
Húsleiga	5.678.107	799.987	3.496.017	2.755.796
Samtals	5.678.107	799.987	3.496.017	2.755.796

Landspítalinn hefur gert húsaleigusamninga með mismunandi samningstíma eða uppsagnarfresti. Fjárhagslegar skuldbindingar spítalans vegna þessa nema 5.704,5 m.kr. í lok árs 2024.

Húsaleigusamningar eru ekki færðir sem skuldbinding í efnahagsreikning og réttindi ekki færð til eignar á móti. Sama á við um skuldbindandi samninga, sem gerðir hafa verið við öflun óefnislegra eigna á fyrri árum.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er ekki færð í ársreikninginn þar sem heildarskuldbinding ríkisstofnana er færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Skýringar frh

28. Fimm ára rekstraryfirlit

Í meðfylgjandi yfirliti er gerð grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur í rekstrarafkomu og efnahag spítalans á árunum 2020-2024. Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

Fjárhæðir í millj. kr.

	2024	2023	2022	2021	2020
Tekjur	13.678	12.292	10.900	10.308	8.179
Gjöld	(114.950)	(106.866)	(101.975)	(92.467)	(82.885)
Afskriftir	(2.021)	(3.236)	(1.526)	(1.411)	(1.287)
Gjöld umfram tekjur	(103.294)	(97.810)	(92.601)	(83.570)	(75.993)
Ríkisframlag samtals	103.239	98.416	94.142	86.246	75.543
Afkoma ársins	(55)	606	1.541	2.676	(450)
Fastafjármunir	13.726	12.131	12.070	11.787	11.309
Veltufjármunir	15.855	15.159	14.968	13.898	9.673
Eignir samtals	29.581	27.290	27.038	25.685	20.982
Höfuðstóll	(99)	(44)	(650)	(2.191)	(4.762)
Langtímaskuldir	12.573	11.811	12.466	12.105	11.755
Skammtímaskuldir	17.106	15.523	15.222	15.771	13.989
Eigið fé og skuldir samtals	29.581	27.290	27.038	25.685	20.982

29. Rekstraráætlun 2024

Svið og kjarnar	2024	Áætlun	Mismunur	Frávik %
Skrifstofa forstjóra	804.512	823.823	19.311	2,3%
Skrifstofa hjúkrunar	1.096.669	1.116.221	19.551	1,8%
Skrifstofa lækninga	3.921.383	4.018.897	97.514	2,4%
Þróunarsvið	2.867.307	2.766.428	(100.879)	(3,6%)
Rekstrar- og mannauðssvið	13.862.856	13.530.316	(332.540)	(2,5%)
Stoðsvið	22.552.727	22.255.685	(297.041)	(1,3%)
Bráða-, lyflækninga- og endurhæfingarþj.	22.803.841	22.660.815	(143.027)	(0,6%)
Hjarta-, augn- og krabbameinsþjónusta	11.200.218	10.837.871	(362.347)	(3,3%)
Skurðlækninga-, skurðstofu- og gjörgæsluþj	20.581.492	20.630.472	48.980	0,2%
Kvenna- og barnaþjónusta	10.113.422	9.911.566	(201.856)	(2,0%)
Geðþjónusta	7.882.470	7.796.699	(85.771)	(1,1%)
Klínísk rannsókn- og stoðþjónusta	9.518.016	9.359.962	(158.053)	(1,7%)
Klínísk svið	82.099.460	81.197.385	(902.075)	(1,1%)
Ósjúkratryggðir	(1.832.052)	(1.466.911)	365.141	(24,9%)
Landspítali sameiginlegt	473.728	542.139	68.411	12,6%
Leyfisskyld lyf	0	0	0	0,0%
Miðlæg verkefni	0	710.574	710.574	100,0%
Utan sviða	(1.358.324)	(214.197)	1.144.127	(534,1%)
Samtals 2024	103.293.862	103.238.872	(54.990)	(0,1%)

